

Ed. 631. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun til rikissjóðs.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Til þess að greiða með sérstök framlög úr rikissjóði til atvinnuveganna, verklegra framkvæmda, nýbýlamyndunar og alþýðutrygginga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir.

2. gr.

Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1936 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir, í stað þess skattstiga, sem greinir í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og þess viðauka, sem heimilaður er í 1. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935:

Af	1000– 2000 kr.	skattskyldum tekjum greiðast 10 kr. af	1000 kr. og 2% af afg.
—	2000– 3000	—	30 — — 2000 — — 5 — — —
—	3000– 4000	—	80 — — 3000 — — 7,5 — — —
—	4000– 5000	—	155 — — 4000 — — 10 — — —
—	5000– 6000	—	255 — — 5000 — — 15 — — —
—	6000– 7000	—	405 — — 6000 — — 20 — — —
—	7000– 8000	—	605 — — 7000 — — 30 — — —
—	8000– 9000	—	905 — — 8000 — — 31 — — —
—	9000– 10000	—	1215 — — 9000 — — 31,5 — — —
—	10000– 11000	—	1530 — — 10000 — — 32 — — —
—	11000– 12000	—	1850 — — 11000 — — 33 — — —
—	12000– 13000	—	2180 — — 12000 — — 34 — — —
—	13000– 14000	—	2520 — — 13000 — — 35 — — —
—	14000– 15000	—	2870 — — 14000 — — 36 — — —
—	15000– 16000	—	3230 — — 15000 — — 37 — — —
—	16000– 18000	—	3600 — — 16000 — — 38 — — —
—	18000– 20000	—	4360 — — 18000 — — 39 — — —
—	20000– 22000	—	5140 — — 20000 — — 40 — — —
—	22000– 24000	—	5940 — — 22000 — — 41 — — —
—	24000– 26000	—	6760 — — 24000 — — 42 — — —
—	26000– 28000	—	7600 — — 26000 — — 42 — — —
—	28000 og þar yfir	—	8460 — — 28000 — — 44 — — —

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, er um ræðir í 3. gr. b-lið laga nr. 6 9. janúar 1935, greiðist 10%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 7000 kr. eða þar yfir.

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þeirra framkvæmda, sem taldar eru í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til bæjar- eða sveitarsjóðs kaupstaðar þess eða hrepps, þar sem skatturinn er á lagður.

3. gr.

Með því að innheimta á árinu 1936 gjald til rikissjóðs af vörum þeim, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru undanþegnar því í þessum lögum. Gjaldið skal greiða af innkaupsverði varanna, kominna um borð í skip, sem flytja á vörurnar hingað til lands. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, er ræðir um í lögum nr. 75 27. júní 1921, innkaupsreikninga yfir vörurnar með þeim hundraðshlutum í gjald af innkaupsverðinu, sem hér greinir:

1. Með 2% stimplast reikningar yfir allar aðrar vörur en þær, sem tilgreindar eru í 2., 3. og 4. tölulið hér á eftir, eða eru sérstaklega undanþegnar samkv. næstsíðustu málgr. þessarar greinar.
2. Með 5% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Bifhjól, blákka, borðbúnaður, annar en sá, er fellur undir 4. tölulið þessarar greinar. Burstavörur, búsáhöld allskonar, eldhúsáhöld allskonar, fólksflutningsbifreiðar, fægiefni allskonar, glervarningur, greiður, hreinlætisvörur allskonar, hús-

gögn og húsgagnahlutar, kaffi, lásar, skrár, lamir og tilheyrandi, leirvarningur, oliulampar og tilheyrandi, postulínsvarningur, ræstiduft, sápa allskonar, sápuþduft og spæmir, skóflur. Smávarningur úr alpækka, alumíníum, beikalít, beini, blýi, eir, hvitmálmi, járn, látúni, málmblendingi, steintegundum, tini og tré. Speglar, stívelsi, straubretti, straujárn, sykur, tauklemmur, taurullur, tausnúrur, tauvindur, vogir og tilheyrandi, þvottabretti og þvottaefni allskonar.

3. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Fatnaður allskonar, band, garn og tvinni allskonar, kakaó, kryddvörur, sagó, skófatnaður annar en gúmmískófatnaður, smávarningur á og til fata, svo sem tölur, krókapör, smellur, spennur, leggingar, tvinni, snúrur og teygjubönd. Sýróp, te, vefnaðarvörur og vefnaður allskonar. Þó er vefnaður og fatnaður, sem tilgreindur er í viðskiptasamningi við Breta, undanþeginn þessum lið, svo lengi sem sá samningur er í gildi.
4. Með 25% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Ávaxtamauk, ávaxtasulta, ávextir niðursoðnir, ávextir nýir, ávextir þurrkaðir, brjóstsýkur, grænmeti niðursoðið, grænmeti nýtt, grænmeti þurrkað, gullvarningur, gull og silfur óunnið, hljóðfæri og músikvörur, konfekt, leðurvörur, platinuvarningur, silfurvarningur, snyrtivörur, súkkulaði, úr og klukkur, vörur úr gull-, silfur- og platinu-pletti.

Undanþegnar gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina: Áburðarefni, akkeri og akkerisfestar, baðlyf, blýsökkur, dráttartaugar fyrir plóga og herfi, endursendar íslenzkar afurðir, endursendar tómar umbúðir, fiskábreiður, fiskilínur, fiskinet, fiskmottur, forardælur, frystivélar, fræ og trjáplöntur, girðingarefni, grastó, hafragrjón, hafrar, notaðir heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins og hafa verið minnst eitt ár búsettir erlendis, hevinnsluvélar, hrifur, hrifutindaefni, hrisgrjón, húðir saltaðar, kjöttunnur og efni í þær, kjötumbúðir, kol, landbúnaðarvélar, ljáir og blöð, lóðarbelgir, lóðataumar, lóðateinar, lóðarönglar, lýsistunnur og efni í þær, manilla, mjaltavélar, mótórvélar, netagarn, netakork, netakúlur, notaðir munir, sem sendir hafa verið til aðgerðar, plógar og herfi, þrjónavélar, rúgmjöl, rúgur, sáðvélar, salt, saumavélar, sildarkrydd, sildartunnur og efni í þær, sláttuvélar, smjörpappír, steinolia, umbúðastrigi, venjulegur farangur farþega, varahlutir til mótórvéla, veiðarfæri og efni í þau, vélaolíur í tunnum og brúsum, vörpugarn, vörpuhlerar, vörpujárn og vörpur. Ennfremur eru undanþegnar viðskiptagjaldi vörur þær, sem tilgreindar eru í auglýsingu um viðskiptasamkomulag milli Íslands og sameinaða konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en sá samningur er í gildi.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Lög þessi raska að engu leyti gildandi lögum um verðtoll. Ákvæðin um sýning innkaupsreikninga í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, svo og ákvæðin í gildandi reglugerð um verðtoll og ákvæði 4.—15. gr. laga nr. 54 15. júní 1926 og 4. gr. laga nr. 11 2. júní 1933 skulu gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga.

Sérstök skilagrein skal gerð fyrir þessu gjaldi. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um greiðslu gjaldsins af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og um annað, er snertir framkvæmd laganna, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot á henni.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936.

Greinargerð.

Frumv. þetta er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

„Í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir um 14 millj. kr. greiðslum úr rikissjóði. Í þeim fjárlögum er meira vandað til áætlunar á útgjaldaupphæðum en áður hefir tíðkæzt, og urðu þau því af þeim ástæðum hærrí en önnur fjárlög lifa verið. Vitanlegt er, að á meðan jafnmikið er um óbundnar upphæðir, sem rikissjóði er ætlað að greiða og enn eru í fjárlögum, er ómögulegt að vera viss um, að fjárlögin standist fyllilega í reyndinni, þótt til þeirra sé vandað og miðað við þá reynslu, sem fram er komin, þegar frá þeim er gengið. Misjafnlega nærri má þó komast. Reynsla ársins, sem er að lifa, sýnir það, að ýmsir liðir fjárlaganna fara fram úr áætlun. Má þar til nefna aðallega jarðræktarstyrkinn, rekstrarkostnað landhelgisgæzlu, berklavarnakostnaðinn, viðhaldskostnað vegna, kostnað vegna samninga við önnur ríki og rekstrarhalla sjúkrahúsa. Tekjur rikissjóðs árið 1935 eru áætlaðar tæpar 14 millj. króna. Það verður eigi annað séð en að þær muni einnig fara fram úr áætlun. Um hina endanlegu útkomu þessara mála verður þó ekki sagt að svo stöddu.

Í fjárlagafrumvarpi því, sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir um 14 millj. kr. greiðslum, eða því sem næst sömu upphæð og í fjárlögum yfirstandandi árs. Af því, sem að framan er sagt um horfur í ár, verður ekki hjá því komið að hækka í frumvarpinu ýmsa liði, sem lögbundnir eru eða óhjákvæmilegir á annan hátt. Nemur þetta verulegum fjárhæðum. Áður var að því vikið, að tekjur rikissjóðs í ár mundu fara fram úr áætlun, og liggur því beint við að athuga, hvort svo muni ekki aftur verða á næsta ári og þar af leiðandi ónauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir út af þeirri hækkun á frumvarpinu, að framkvæmdum rikissjóðs og lagafyrirmælum óbreyttum. Til þess að gera grein fyrir þessu þarf fyrst og fremst að gefa gætur verzlun okkar við útlönd og horfum í því efni. Við síðustu áramót gengu í gildi ný lög um gjaldeyrisverzlun og innflutning, sem áttu að tryggja betur en fyrri lög tókin á verzlunarmálunum. Hefir nú verið starfað samkv. þessum nýju lögum í rúml. 10 mánuði og tekizt á þeim tíma að færa innflutninginn niður um nál. hálfu fimmtu milljón frá því á sama tíma í fyrra, þegar innflutningurinn vegna Sogsins er ekki talinn með, og vonandi miðar enn í áttina þá tvo mánuði, sem eftir eru af árinu, enda hefir árangurinn af starfi gjaldeyrisnefndarinnar aðallega komið í ljós síðari hluta ársins. Þrátt fyrir þennan árangur er það þó svo, að lækkunin á innflutningnum hefir ekki náð að rétta greiðslujöfnuðinn við eins og reiknað var með, þegar ákveða

þurfti um úthlutun meginhlutans af innflutningsleyfunum. Er það af ýmsum ástæðum, sem of langt yrði að rekja hér, aðallega þó sökum þess, að sildarafurðir urðu minni enn reiknað var með, og sala fiskjarins virðist ætla að ganga tregar en ástæða var til að ætla þá. Það er því fyrirsjáanlegt, að enn verður að halda áfram að draga úr innflutningnum.

Að öllu þessu vandlega athuguðu þykir ekki fært að reikna með svo nokkru verulegu nemi hærri heildartekjum í rikissjóð á árinu 1935 en gert er í fjárlagafrumvarpi því, sem fyrir liggur, þótt tekjurnar í ár fari fram úr áætlun. Er þó ráðgert að notfæra álagningarmöguleika á óþarfa varning, sem ríkið verðlar með, svo sem unnt er. Verður því annaðhvort að færa niður útgjöld fjárlaganna til þess að mæta óhjákvæmilegum hækkunum á áætlunarliðum eða afla nýrra tekna til þess að standast þær. Þegar velja á leiðina, verður að gæta þess, að síðan gengið var frá fjárlagafrumvarpinu fyrir 1936, hafa verið samþykkt af Alþingi ýms framlög til hjálpar atvinnuvegunum og opinberra framkvæmda; ennfremur mun ganga fram á þessu þingi ýmiskonar löggjöf, er gengur í sömu átt, og þar að auk tryggingalöggjöf og nýbýlalöggjöf, sem allt hefir óhjákvæmilega í för með sér greiðslur úr rikissjóði.

Með tilliti til þessara nýju framlaga og takmarkaðra tekjuöflunarmöguleika þykir því ekki fært annað en að færa útgjöld fjárlaganna niður til þess að vega sem næst á móti hækkun á þeim liðum, sem reynslan hefir sýnt að eru of lágt áætlaðir. Verður þar um verulega upphæð að ræða, og er þess að vænta, að þeirri niðurfærslu verði tekið með skilningi af þeim, er hún snertir.

Það þykir hinsvegar ekki fært að færa greiðslur fjárlaganna svo mikið niður, að niðurfærslan mæti einnig þeim nýju framlögum til atvinnuveganna, verklegra framkvæmda, tryggingamála og nýbýlamálsins, sem ákveðin hafa verið síðan gengið var frá fjárlagafrumvarpinu, sem fyrir liggur. Til þess mundi þurfa að ganga um of á þær verklegar framkvæmdir og framlög til atvinnuveganna, sem fyrir eru í frumvarpinu. Frumvarp þetta er því flutt til þess að afla tekna til þeirra framlaga, sem hér greinir og ekki eru í fjárlagafrumvarpinu:

Til alþýðutrygginga um	300 000 kr.
— fódurtrygginga um	25 000 —
— nýbýlamyndunar um	200 000 —
— kartöfluverðlauna um	30 000 —
— skuldaskilasjóðs útvegsmanna um	160 000 —
— mjólkurbúa um	55 000 —
— greiðslu vaxtahl. af fasteignaveðslánum bænda um	75 000 —
— iðnlánasjóðs um	25 000 —
— greiðslur ofviðristjóns á Norðurlandi um	60 000 —
— frystihúsa um	20 000 —
	—
	Samtals um 950 000 kr.

Er það litlu hærri upphæð en ætla má að frumvarpið auki tekjur rikissjóðs, ef að lögum verður.

Samkvæmt þeirri stefnu um afgreiðslu fjármála, sem mörkuð er hér að framan, er gert ráð fyrir því, að tekjur og greiðslur rikissjóðs árið 1936 verði

eigi fjarri 15 milljónum. Er það svipuð upphæð og greiðslur rikissjóðs reyndust 1933, en um 2½ millj. kr. lægri upphæð en þær reyndust 1934. Þegar rætt er um skattabyrði landsmanna og þær greiðslur, sem á rikissjóð eru lagðar á þessu þingi og að framan eru nefndar, ber þess vel að gæta, að engin af þessum greiðslum er vegna nýrra útgjalda við ríkisreksturinn. Þvert á móti mun beinn kostnaður við rekstur rikissjóðs verða lækkaður. Hinar nýju greiðslur eru allar til þess að létta undir með atvinnuvegunum, skapa aukna atvinnu og á þann hátt bæta aðstöðu þess hluta þjóðarinnar, sem erfiðasta hefir afkomu. Hér er því ekki um eyðslu að ræða, heldur öllu fremur tilfærslu verðmæta á milli einstaka atvinnugreina og stétta.

Þá er rétt að fara nokkrum orðum um tekjuöflunarleiðir þær, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Í fyrsta lagi er lagt til, að á verði lagður hátekjuskattur, þannig að heimilt sé að innheimta tekjuskatt árið 1936 samkvæmt hærri skattstiga en ákveðinn er í lögum þeim, er nú gilda. Er ráð fyrir gert, að tekjuaukanum samkv. frumvarpinu verði skipt jafnt milli rikissjóðs og hlutaðeigandi bæjar- og sveitar-sjóðs. Er sú skipting gerð til þess að mæta að nokkru þeirri röksemd, að sveitar- og bæjarsjóðir missi tekjustofna við hækkun tekjuskattsins. Er skatti þessum þannig háttáð, að hækkunin byrjar fyrst á 6000 kr. skattskyldum tekjum, og mun það láta nærri, að þær tekjur svari til atvinnutekna eða launa einhversstaðar á milli 7000 og 8000 hjá einhleypum, allt eftir því, hve há útsvör eru í byggðarlaginu. Á skattskyldar tekjur, sem nema 8000 og þar yfir, er hækkunin allveruleg. Nemur hækkun tekjuskattsins frá 20% til ca. 70% frá gildandi skattstiga. Ef miðað er við tekjur samkvæmt framtölum manna fyrir árið 1934, en þó gert ráð fyrir, að tekjur manna í ár verði nokkru rýrari, ættu tekjur af hátekjuskattinum að geta numið um 400 þús. kr., og yrði þá hlutur rikissjóðs um 180 000 kr. á næsta ári.

Í öðru lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að lagt verði gjald á innfluttar vörur til landsins, mismunandi nokkuð eftir tegundum. Þegar ljóst var, að eigi var unnt að afla þeirra tekna, sem með þurfti, með hátekjuskattinum einum saman, m. a. vegna útsvaranna, komu ýmsar tekjuöflunarleiðir til greina. Einkum hefir verið athuguð sú leið, sem farin hefir verið sumstaðar annarsstaðar í þessum málum, álagning umsetningargjalds af öllum vörum. Í stað þess að fara þá leið er að athuguðu máli í þessu frumvarpi lagt til, að hliðstætt gjald sé hér lagt á vöruumsetningu, en innheimt um leið og vörurnar koma til landsins. Með þessu móti er hægt að koma því við að hafa gjaldið misjafnt eftir tegundum varanna, m. a. eftir því, hve nauðsynlegar þær teljast og hve álagningarmiklar í verzlun. Einnig eru með þessari álagningaraðferð undanþegnar allar innlendar vörur, og er það kostur bæði fyrir framleiðendur og neytendur. Innheimta gjaldsins er og öruggari, ef það er tekið við innflutning varanna, heldur en ef það á að innheimtast eftir á samkvæmt uppgjöf verzlana. Samkvæmt þessu frumv. eru yfirleitt undanþegnar gjaldinu vörur notaðar beint við framleiðslu til lands og sjávar og nauðsynlegustu tegundir kornvara. Flokkun varanna í gjaldaflokka getur ætíð verið álitamál. Þykir ekki ástæða til að fara út í það atriði í greinargerðinni nánar en að er vikið hér að framan. Langsamlega mestur hluti þeirra

vara, sem gjaldið kemur á, er í þeim flokkum, sem á eru lagðir tveir af hundr-
aði, en mestur að verðmæti er þó sá vöruflokkur, sem undanþeginn er gjaldinu
með öllu.

Eftir því, sem næst verður komizt, er áætlað, að gjald þetta muni á næsta
ári nema um 750 þús. króna. Tekjur af frumvarpinu eru því áætlaðar samtals
um 950 000 króna, eða jafnhá fjárhæð og greiðslur þær, er taldar voru hér að
framan.

Hér að framan er vikið svo mjög að efni einstakra greina frumvarpsins, að
ekki verður talin þörf á að minnast þeirra sérstaklega“.